

1873.
27. maí.

sitja á jörðunni fyrir það afgjald, sem ákveðið var með úrskurði dómsmálastjórnarinnar 14. janúar 1867, en þá var það fært niður frá 180 til 120 álna fyrir 5 ár frá fardögum 1866, sökum þess að jörðin hafði orðið fyrir skemmdum af skriðum og vatnsflóði; samt skuli tilraun gjörð til þess, að fá aptur hið sama afgjaldið, sem það var upphaflega, ef jörðin losnar innan fyrnefndra 5 ára.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að eptir málavöxtum má það standa, sem gjört er í þessu máli.

27. maí.

46. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um jarðabætur á klausturjörðu.

Í bréfi, dagsettu 4. desbrm. f. á., hefir amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu stungið uppá, að leiguliðanum á jörðunni Miðhúsum, sem heyrir undir Þingeyraklausturs góz, Helga Helgasyni, verði veitt 50 rd. verðlaun fyrir talsverðar jarðabætur, sem hann hefir gjört á tæðri jörðu, en sem jafnframt hafa verið undirrót til þess, að hann hefir komizt í 70 rd. 80 sk. skuld við umboðið fyrir ógöldið afgjald, og skuli 25 rd. greiddir af búnaðarsjóði norður- og austuramtsins og jafnmikið af umboðssjóðunum.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það, að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar, samt þannig, að fyrnefndir 50 rd. komi upp í fyrnefnda afgjaldsskuld til umboðssjóðsins.